

Heiti: Rugl! – Confusion!

Minnisspil - fjölskylduspil

Aldur: 10+

Fjöldi leikmanna: 2 - 5

Leiktími: 20 mínútur

Innihald: 1 teningur með lit, 1 teningur með aðgerðum, 1 teningur með orðum (auður teningur + límmiðar), 19 litlar flögur (verðmæti 1), 19 stórar flögur (verðmæti 2), 15 spil í þremur litum.

Hugmynd og markmið:

Rugl! Það er teningur sem sýnir þrjá liti en í hvert sinn sem þú varpar teningunum þá vantar einn lit og þú þarft að finna hvaða litur það er. Það er auðvelt! Varla, því skynfærin trufla þig svo þú segir eitthvað rangt. Þú ert alveg í ruglinu

Ábending: Þú ættir einungis að leika Rugl! ef þú getur hlegið að sjálfum þér.

Leikmenn safna flögum. Þrjár litlar flögur og þú getur skipt þeim út fyrir eina stóra. Sá vinnur sem er fyrstur til að safna þremur stórum flögum.

Undirbúningur:

Áður en spilað er í fyrsta sinn þarf að losa alla hlutina varlega frá spjöldunum. Setjið límmiðana á auða teninginn. Allir leikmenn fá rautt, blátt og gult spil. Ef það eru færri en fimm sem spila þá eru spilin sem ganga af sett aftur í boxið.

Gangur spilsins:

Sá elsti hefur leik. Spilað er réttisælis. Sá sem á leik varpar öllum þremur teningunum. Það eru tveir möguleikar:

1. Litur á teningnum með lit og orðið á teningnum með orðum

passa ekki saman:

Allir leikmenn leggja á borðið spil í þeim lit sem er hvorki sýndur á teningnum með lit né á teningnum með orðinu. Að auki segja þau upphátt hver liturinn er.


Teningurinn með aðgerðum skiptir ekki máli. Allir sem lögðu rétt spil á borðið fá eina litla flögu af birgðunum. Allir taka spilið til baka.



Dæmi:

Teningurinn sýnir bláan lit.

Teningurinn með orði er með orðið Red á gulum grunni (guli grunnurinn er einungis til að rugla þig).

Teningurinn fyrir aðgerðir sýnir táknið  á rauðum grunni, en það skiptir ekki máli í þessu dæmi.

Leikmenn leggja niður gult spil og segja upphátt GULUR.

2. Litur á teningnum með lit og orðið á teningnum með orðum

passa saman:

Nú kemur teningurinn fyrir aðgerðir í spilið. Alveg sama hvaða tákni kemur upp þá þarf strax að gera það sem á að gera.

Ábending: Það skiptir engu hvaða litur er á teningnum fyrir aðgerðir, hann er einungis til að rugla þig).



Allir klappa, einu sinni.

psst

Allir segja, psst.



Allir slá á borðið, tromma

WOW

Allir rétta báðar hendur upp og þegja.

Það er bannað að segja WOW á meðan.


Allir sem gerðu rétt fá eina litla flögu af birgðunum.



Dæmi:

Teningurinn sýnir rauðan lit.

Teningurinn með orði er með orðið Red á gulum grunni (guli grunnurinn er einungis til að rugla þig).

Teningurinn fyrir aðgerðir sýnir táknið  á bláum grunni (blái grunnurinn skiptir ekki máli og er einungis til að rugla þig).

Allir verða að klappa, einu sinni.

Ábending:

þeir sem bregðast rangt við eða of seint fá enga flögu. Hins vegar verða þeir að borga til baka (ef þeir eiga litla flögu).

Sá sem:

- leggur rangt spil niður, segir rangt orð eða gerir annað en á að gera

- er síðastur til að leggja niður rétt spil, gera það sem á að gera
- leggur ekkert spil niður, segir engan lit, gerir alls ekkert verður að borga eina litla flögu til baka.

Ábending:

Það gengur stundum dálítið á í þessu spili. Stundum er óvíst hvort einhver hafi sagt eða gert rétt. Það skiptir máli að vera dálítið léttur á því og sleppa nákvæmninni. Sá sem er með þrjár litlar flögur skiptir henni í stóra flögu. Það er ekki hægt að tapa stórum flögum.

Leikslok:

Sá vinnur sem er fyrstur til að safna þremur stórum flögum. Stundum er jafntefli.

Tilbrigði við reglurnar:

Faglegt rugl


Hámarkið! Ef það er hringur á litnum á teningnum sem sýnir lit þá er það ekki orðið heldur liturinn á teningnum með orði sem skiptir máli. Aðrar reglur eru eins og í grunnreglunum. Ef enginn hringur er á litnum á teningnum sem sýnir lit þá er það orðið sem skiptir máli.



Dæmi:

Á gula litnum er hringur.

Teningurinn með orði sýnir orðið Red á bláum bakgrunni (orðið Red skiptir ekki máli og er einungis til að rugla þig).

Teningurinn fyrir aðgerðir sýnir  á rauðum grunni (en skiptir engu máli í þessu dæmi)

Leikmenn verða að leggja niður rauða spilið og segja upphátt RAUÐUR.

Rugl í aðgerðum

Gefðu merkjunum á teningnum fyrir aðgerðir þína eigin merkingu. Einungis ímyndunaraflið er takmarkandi. Allir verða að vita hver merkingin er og hvað á að gera. Hvað með að:

- segja nafn þitt þrisvar.
- standa upp og setjast niður og smella fingum um leið.
- gretta sig án þess að gefa frá sér hljóð.
- hlæja eins hátt og þú getur.

Þýðing: Eirný Valsdóttir